

**Ed. 513. Frumvarp til laga [324. mál]**

um framkvæmd alþjóðasamninga um örugga gáma.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur til að framfylgja alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að um örugga gáma.

2. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, verða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

ALÞJÓÐASAMNINGUR UM ÖRUGGA GÁMA (International Convention for Safe Containers) var gerður á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í Genf, 2. desember 1972, og gekk í gildi erlendis, 6. september 1977.

Breytingar voru gerðar við þennan alþjóðasamning árið 1981 og 1983. Breytingin 1981 gekk í gildi erlendis 1981, en breytingin 1983 gekk í gildi erlendis 1. janúar 1984. Ekki eru ráðgerðar fleiri breytingar við samninginn næstu fimm árin hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

Samningur þessi hefir þegar tekið gildi hjá flestum viðskiptalöndum okkar, og hafa um 40 ríki staðfest hann. Af þeim má nefna sem dæmi: Bandaríkin, Ráðstjórnarríkin, Kína, Japan, Þýskaland, Frakkland, Stóra-Bretland, Noreg, Danmörk og Svíþjóð.

Samningurinn skiptist í þrjá meginhluta, þ. e. aðalsamning, viðauka I með fylgiskjali og viðauka II, en báðir þessir viðaukar og fylgiskjalið eru fullgildir hlutar þessa samnings.

Í heild fjallar samningurinn um prófun, skoðun, viðurkenningu og viðhald gáma, svo og um burðargetu gáma.

Tilgangur þessa samnings er að auka öryggi manna við notkun gáma, og jafnframt að auðvelda flutninga á gámum milli landa.